

Félag hópferðaleyfishafa
Hesthálsi 10a
110 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1247
komudagur 27.2.2007

26. febrúar 2007.

Samgöngunefnd Alþingis (Nefndasvið Alþingis).
Alþingi.
Austurstræti 8-10.
150 Reykjavík.

Efni:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007 – 2018, 575. mál frá Félagi hópferðaleyfishafa. Félagið þakkar tækifærið til að fá að veita þessari áætlun umsögn.

Á bls. 60 er fjallað um ferðapjónustu og samgöngur. Þar er fjallað um að byggja samgöngumiðstöð sem mun þjóna landinu öllu. Leggja verður áherslu á það út frá samkeppnissjómaríðum að rekstur slíkrar samgöngumiðstöðvar verði í höndum óháðs aðila, þ.e. aðila sem ekki hefur með höndum sérleyfis- eða hópferðaaakstur. Kostur númer tvö væri sá að samgöngumiðstöðin yrði sameignarfélag allra í þessum geira, en ekki bara í eigu eins aðila. Bær stjórn á hverjum tíma myndi þá ráða því hvernig hlutir eru afgreiddir, hætt er þó við með þessari aðferð er sú að sá stærsti stjórnmi öllu.

Á bls. 83 er fjallað um í lið 3.3.1 um tekjur til vegamála. Í sambandi við það vill Félag hópferðaleyfishafa benda á að nauðsynlegt er fyrir greinina í heild að tekin verði ákvörðun um það að hópferðaleyfishafar fá þess kost að kaupa litaða olíu og fá þar með niðurfelld 80% olíugjald á hópferðabifreiðar líkt og aðilar sem reka almenningsvagna fá. Ástæða þessa er sú að í mörgum tilfellum er akstri þessum þ.e. hópferða-sérleyfis- og almenningsvagnaakstir sinnt af námvæmlega sömu bifreið. Því er er nausynlegt að samræma lög og reglugerðir fyrir fólksflutninga þessa þannig að sama gildi fyrir alla.

Í núverandi kerfi hafa álögur á hópferðabíla aukist til mikilla muna, en þess skal gæta að, að þeir aðilar sem stunda hópferðakstur eru ekki virðisaukaskattsskyldir og geta því ekki fengið virðisaukann endugreiddann af þeirri dísilolíu sem þeir kaupa.

Benda verður á að í öllum stærri hópferðabílum er sérstök olíufýring (vatnskynnt olíumiðstöð). Hún gerir það að verkum að bílvélin er hituð allt upp í 80° áður en hún er ræst. Búnaðurinn gerir það að verkum að bílvélin fer heit í gang, sem þýðir minni mengun. Þessi kynding er jafnframt yfirleitt tengd ofnakerfi bifreiðanna þannig að hægt er að halda farþegarými heitu án þess að bílvélin gangi. Olíufýringin brennir sömu olíu við þessar aðgerðir og notuð er við aksturinn. Í venjulegum innanbæjarakstri getur olíufýring af þessu tagi eytt allt að 25 lítrum á dag, sem er kannski allt að helmingurinn af eyðslu bílsins. Margir framleiðendur miða t.d. við að olíufýring eyði allt að 2.5 lítrum á klukkustund. Benda má á að það að nota vatnskynnta olíufýringu er mjög umhverfisvæn leið, en bíllinn eyðir mun minna en

Félag hópferðaleyfishafa
Hesthálsi 10a
110 Reykjavík

ella með þessari leið. Ástæða þess að steypuhræribifreiðar fá undanþágu í 4. gr. laga nr. 87/2004, er að þær þurfa að halda steypu heitri, með ekki ólíkum búnaði og ólíufýringin er. Búnaður þeirra er t.d. knúinn áfram af sömu olíunni og þeir aka á. Benda má á að margt er um líkt með akstri þeirra bifreiða og hópferðabifreiða.

Til að jafna samkeppni meðal aðila í þessum geira er mikilvægt að endurgreiðslan taki ekki einungis til þeirra sem hafa einkaleyfi til fólksflutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001

Þá er það jafnframt réttlætismál að jafnt skuli ganga yfir þá aðila sem sinna akstri samkvæmt einkaleyfi, sérleyfi eða hópferðaakstri. Ein af rökunum fyrir því að t.d. þeir aðilar sem stunda akstur skv. einkaleyfi fái endurgreiðsluna, er þungur rekstur í þessum geira. Benda verður á að reksturinn er ekki síður þungur hjá þeim sem stunda hópferðaakstur og því er þetta réttlætismál að þessi munur verði jafnaður. Auk þess sem þetta getur mögulega skekkt stöðu þessara aðila á samkeppnismarkaði að tvö mismunandi kerfi séu í gangi, þeir sem fá endurgreiðslu og þeir sem ekki fá endurgreiðslu.

6. gr. laga nr. 87/2004 hljóðar svo: Þeim sem hafa einkaleyfi til fólksflutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, skulu endurgreidd 80% olíugjalds af olíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum. Reglur¹⁾ um endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein skulu settar af fjármálaráðherra í samráði við samgönguráðherra.

Fyrir hönd stjórnar Félags hópferðaleyfishafa,

Helgi Valberg Jenson.